

Alþingi  
Erindi nr. P 131/278  
komudagur 30.11.2004



ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

FILVÍSUN  
SEÞ/eeg/04/3045

DAGSETNING  
29.11.2004

**Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. 35. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 11. nóvember 2004 þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum. 35. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

#### u m s ö g n :

Í frumvarpinu eru lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda að lágmarksfésekt við tilteknum skattlagabrotum verði afnumin. Um er að ræða brotastarfsemi þar sem vanskil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti er að ræða.

Sú tegund mála sem hér um ræðir, svokölluð vanskilamál, snýst um að rekstraraðili, hvort heldur í einstaklingsrekstri eða sem fyrirsvarsmaður lögaðila, hefur ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem hann hefur þegar innheimt af viðskiptamönnum sínum og/eða fé sem hann hefur haldið eftir af launagreiðslum til launamanna í rekstrinum til staðgreiðslu opinberra gjalda þeirra. Áður en innheimta staðgreiðslu opinberra gjalda hófst á árinu 1988 og síðar virðisaukaskatts árið 1990 voru vanskil svokallaðs vörslufjár ekki teljandi vandamál. Við áðurgreindar skattkerfisbreytingar var innheimta þessara skatta falin miklu fleiri aðilum en áður voru dæmi um og innheimtar fjárhæðir voru miklu mun hærri en áður þekktist. Var það t.a.m. býsna algengt áður en staðgreiðslan var lögfest að launþegar semdu við sinn launagreiðanda um að standa sjálfir skil á opinberum gjöldum. Með upptöku staðgreiðslu var þetta úr sögunni og margir launagreiðendur stóðu skyndilega frammi fyrir því að afhenda launþega aðeins hluta af launum en bar að standa skil á skattgreiðslunni sjálfir nokkru síðar. Hið sama átti við um virðisaukaskatt. Við þá lagabreytingu fjölgaði innheimtuaðilum virðisaukaskatts mjög mikið frá því sem verið hafði í innheimtu



söluskatts og svipuð sjónarmið áttu við, í veltu viðkomandi rekstraraðila bættist fé sem þurfti að standa skil á síðar.

Óumdeilt er að það eru refsiverð brot þegar innheimtur er virðisaukaskattur eða staðgreiðslu opinberra gjalda haldið eftir án þess að staðið sé skil á þeim fjárum til ríkissjóðs. Breytir þá engu þótt viðkomandi aðilar tilgreini afdreginn skatt á skilagreinum virðisaukaskatts og staðgreiðslu.

Núgildandi ákvæðum 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt með 2. og 3. gr. laga 42/1995, þar sem mælt var fyrir um lágmarksfésektir vegna brota á lögunum. Breytingar þessar voru liður í heilsteypu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum, svo sem mælt var fyrir um í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögunum.

Fyrir setningu lágmarksfésektarákvæðanna var staðan sú, að þrátt fyrir heimildir dómara í refsíákvæðum skattalaga til að dæma brotlega til sektargreiðslna sem næmu allt að tífalt þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á, en án lágmarksfésektar, líkt og nú er, hafði myndast vísir að dómvænju sem var efnislega á þá leið að ákvarða fésektarrefsingu u.þ.b. 0,5 af undandreginni eða vangoldinni skattfjárhæð. Það þýddi að ef fyrirsvarsmaður lögaðila skaut t.d. kr. 1.000.000 undan skattgreiðslu, sem hann jafnvel ráðstafaði í eigin þágu, mátti hann vænta kr. 500.000 í sektargreiðslu vegna brotsins, kæmi til refsíákvörðunar vegna þess. Með setningu laga nr. 42/1995, var ádurgreindur vísir að dómvænju rofin. Greip löggjafarvaldið þannig inn í sérkennilega atburðarás sem fór að myndast upp úr 1990.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hóf á árinu 1994 rannsóknir á vanskilum vörslufjár sem reglubundið verkefni í því skyni að sporna við brotastarfsemi af þessu tagi. Vanskil á innheimtufé virðisaukaskatts og vörslufé staðgreiðslu hefur verið vaxandi vandamál síðustu ár. Á meðfylgjandi súluriti sést hve málum af þessu tagi hefur fjölgað hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og sömuleiðis hve meðaltal höfuðstóls hefur farið hækkandi. Allt of mörg dæmi eru um að sömu aðilar komi aftur og aftur til meðferðar skattrannsóknarstjóra. Fylgja bréfi þessu endurrit nokkurra dóma þar sem fram kemur að einstaklingar hafi verið dæmdir allt að þrívægis til refsingar vegna sömu brota í að standa ekki skil á innheimtu- eða vörslufé til ríkissjóðs.

Vanskil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti er hluti af vandamáli sem Samtök iðnaðarins og fleiri hafa skorið upp herrör gegn og kallað hefur verið “kennitöluhopp”. Í því felst að gjaldskyldur aðili stendur ekki skil á virðisaukaskatti/staðgreiðslu og greiðir ekki kröfuhöfum skuldir sínar en lætur viðkomandi atvinnurekstur ganga í þrotameðferð en heldur síðan rekstrinum áfram undir sama auðkenni en nýrri kennitölu. Háttsemi þessi er í fyrsta lagi mikill brestur í almennu siðferði, í öðru lagi í skýrri andstöðu við skýr lagaákvæði og í þriðja lagi grefur þetta undan tiltrú manna á jafnræði aðila. Mikilvægt er að þeir sem brjóta



reglurnar og standi ekki skil á lögboðnum gjöldum að ekki sé talað um þá skatta sem þeir halda eftir af skattgreiðslum annarra, hljóti viðeigandi meðferð.

Það er mat skattrannsóknarstjóra ríkisins að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 42/1995, um lögfestingu lágmarksfésekta vegna brota á tilteknum skattalögum, hafi haft töluverð varnaðaráhrif. Þannig hefur m.a. færst í vöxt undanfarin ár að skattaðilar sem eru í vanskilum með vörslu- og/eða innheimtufé; staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, greiða upp vanskil sín við ríkissjóð þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefst handa um rannsókn á háttsemi þeirra. Er það ótvírætt að refsíákvæði laganna, einkum um lágmarksfésektir, ráði þar langmestu og er raunar skýrt dæmi um skilvirkni varnaðaráhrifa út frá refsiréttarlegum sjónarhóli.

Þau mál sem koma til rannsóknar og refsimeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, varða að jafnaði vanskil allnokkurra fjárhæða, sem staðið hafa um langan tíma og/eða vanskil fleiri lögaðila undir stjórn sömu einstaklinga. Minniháttar vanskil rekstraraðila, sem varað hafa um skamman tíma, sæta því að jafnaði ekki rannsókn og refsimeðferð nema um ítrekuð brot sé að ræða. Sú starfsregla hefur verið mótuð, byggð á ákvörðun ríkissaksóknara frá árinu 1994, að ekki er hlutast til um refsimeðferð ef brotamaður stendur ríkissjóði skil á þeim fjárhæðum sem um er að ræða, undir rannsókn eða meðferð málsins. Fellur þá skattrannsóknarstjóri ríkisins frá frekari aðgerðum í ljósi þess að brotamaður hefur firrt ríkissjóð tjóni. Vegna þeirrar áherslu sem lögð er á greiðsluerfiðleika rekstraraðila í frumvarpinu, þykir rétt að minna á skyldu bókhaldsskylds skuldara samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, til að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Staðreyndin er því miður sú að allt of oft gerist það að aðilar sem eru í greiðsluerfiðleikum ganga oftsinnis í fjármuni ríkissjóðs sem þeim er trúað fyrir að standa skil á, rétt eins og það sé hvert annað lánsfé. Þá er einnig rétt að taka fram að í vissum tilfellum eru refsingar þungar en það er þegar brotamenn hafa greitt vanskilin upp að fullu – eða verulegu leyti - eftir að mál er komið til meðferðar lögreglu eða dómstóla. Við önnur skilyrði svo sem þegar ekkert hefur verið greitt, er í reynd aðeins um sekt að ræða sem er jafnhá og sú fjárhæð sem ekki var staðið skil á. Dæmi: Fyrirsvarsmáður lögaðila stendur ekki skil á kr. 1.400.000 og greiðir ekki undir rekstri málsins. Refsing yrði þá kr. 2.800.000 og það yrði heildargreiðslan. Í reynd er þá refsingin kr. 1.400.000 eða jafnhá fjárhæð þeirri sem hann átti að standa skil á.

Rétt þykir að benda á að unnt er að gera þá breytingu á frumvarpinu að skilyrða afnám lágmarksfésektar við að umrædd vanskil hafi verið greidd að fullu upp eða þá að verulegu leyti. Það skilyrði mætti fella inn í 1. og 2. gr. frumvarpsins sem viðbótarmálslið. Rétt er í þessu samhengi að benda á að í greinargerðinni með frumvarpinu segir, að með ákvæðum frumvarpsins verði tekið af skarið um að sú




aðgerð, að bæta af sjálfsdáðum tjón sem viðkomandi hefur valdið með greiðslu þess sem vanrækt var greiðsla á, skuli virt til refsilækkunar. Þessum vilja flutningsmanna frumvarpsins verður ekki séð stoð í ákvæðum þess en er sú tilslökun á refsíákvæðunum sem unnt er að verja með gildum rökum.

Með vísan til þess sem fyrr er rakið verður að telja frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir, stórvarasamt og líklegt til að draga úr skilvirkni innheimtu á virðisaukaskatti og ríkissjóðs. Þá yrði með því einnig horfinn sá hvati sem nú er fyrir hendi að firra ríkissjóð tjóni með uppgreiðslum vanskila eftir að málarekstur hefst en það er sífellt algengara að svo gerist, einkum hjá aðilum sem eru í atvinnurekstri sem enn er starfræktur. Einhliða og skilyrðislaus tilslökun á refsíákvæðum skattalaga frá því sem nú er er einnig til þess fallin að veikja baráttu yfirvalda gagnvart skattsvikum.

Skatttrannsóknarstjóri ríkisins varar alvarlega við samþykkt frumvarpsins óbreyttu.

Virðingarfyllst,



Skúli Eggert Þorðarson



**Fylgiskjal: Dómar í nokkrum vanskilamálum.**

Það færirst í vöxt að sömu einstaklingarnir gerist ítrekað brotlegir við ákvæði skattalaga. Á það jafnt við um vanskil á innheimtu- og vörslufé, sem annars konar skattalagabrot. Skulu hér einungis reifuð fjögur dæmi um slíkt, sem einkum varða vanskil, en dómar í málum þessum fylgja hjálagt.

**Dæmi 1. – Sami einstaklingur þrífæmdur fyrir samskonar brot, sem hann hélt samfelld áfram um 11 ára skeið í sjálfstæðri starfsemi sinni.**

*Héraðsdómur Suðurlands 29. mars 1996, mál nr. S-12/1996:*

Þ var sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið innheimtumönnum ríkissjóðs skil á virðisaukaskatti innheimtum á árunum 1990 til 1994, að fjárhæð kr. 1.192.218.

*Héraðsdómur Suðurlands 8. maí 2001, mál nr. S-145/2001:*

Þ var sakfelldur fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar á uppgjörstímabilum tekjuársins 1995 og hafa með þessu komið sér undan að standa skil á virðisaukaskatti, samtals að fjárhæð kr. 429.591. Þá var hann sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti, innheimtum vegna uppgjörstímabila á tekjuárunum 1996, 1997 og 1998, samtals kr. 1.665.785.

*Héraðsdómur Suðurlands 14. september 2001, mál nr. S-435/2001:*

Þ var sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem hann hafði innheimt í sjálfstæðri starfsemi sinni á árunum 1998, 1999 og 2000, samtals að sjárhæð kr. 1.131.092.

----- 0 ----- 0 -----

**Dæmi 2. – Sami einstaklingur þrífæmdur fyrir skattalagabrot í rekstri 3 lögaðila vegna rekstraráranna 1992-1999.**

*Dómur Hæstaréttar Íslands 18. febrúar 1999, mál nr. 288/1998:*

E var sem framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Ú hf. gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem félagið hafði innheimt á árunum 1993 og 1994, samtals kr. 1.619.229. Þá voru honum gefin að sök brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið skil á kr. 3.965.173 sem haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna félagsins. Honum var einnig gefinn fjárdráttur og skilasvik að sök.

Í héraði var E sakfelldur fyrir þau skattalagabrot sem honum voru gefin að sök í ákæru. Hann var einnig sakfelldur fyrir fjárdrátt og skilasvik og dæmdur í 9 mánaða fangelsi,



skilorðsbundið. Í Hæstarétti var sakfelling E vegna brota gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og vegna skilasvika staðfest. Hins vegar var fallið frá kröfu um sakfellingu vegna fjárdráttar og þeim lið ákærunnar sem laut að brotum á lögum um virðisaukaskatt vísað frá héraðsdómi þar sem hann þótti ekki hafa verið skýrður með fullnægjandi hætti.

***Héraðsdómur Vestfjarða 4. febrúar 2000, mál nr. S-188/1999:***

A og E, sem framkvæmdastjórar og stjórnarmenn og C sem stjórnarformaður B hf., voru sakfelldir fyrir að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa vantalið virðisaukaskattsskylda veltu og skilaskyldan virðisaukaskatt á virðisaukaskattsskýrslum félagsins á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995 og hafa með þessu komið félaginu undan því að standa skil á virðisaukaskatti, samtals kr. 838.939. Jafnframt bókhaldsbrot með því að hafa vantalið kerfisbundið í bókhaldi B hf. tekjur þess á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995.

Málinu lokið með sektargerð dómara í framhaldi af játningu ákærðu.

***Dómur Hæstaréttar Íslands 6. desember 2001, mál nr. 308/2001:***

E var sakfelldur fyrir að hafa, sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður V ehf., brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í nafni félagsins á árinu 1999, samtals að fjárhæð kr. 434.237, og brot gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna V ehf. á árunum 1998 og 1999, samtals að fjárhæð kr. 11.592.725

----- 0 ----- 0 -----

**Dæmi 3. – Einstaklingur tvíðæmdur fyrir skattalagabrot í rekstri tveggja lögaðila og í einstaklingsrekstri vegna rekstraráranna 1990-1994 og 1997-2000.**

***Héraðsdómur Norðurlands eystra 18. febrúar 1997, mál nr. S-111/1996:***

H var sakfelldur fyrir að hafa, sem framkvæmdastjóri X hf., brotið gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á kr. 959.362 sem hafði verið haldið eftir af launum starfsmanna félagsins á árinu 1990. H var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á kr. 415.569 sem hafði verið haldið eftir af launum starfsmanna fyrirtækis sem H rak í nafni B á árinu 1994 og að hafa afhent skattyfirvöldum staðgreiðsluskilagreinar, launamiða og launaframtal þar sem B var ranglega tilgreindur launagreiðandi. Þá var H sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti innheimtum af X hf. á árinu 1990, samtals að fjárhæð kr. 2.315.588. Ennfremur með því að hafa ekki staðið skil á samtals kr. 467.938 af virðisaukaskatti innheimtum á árinu 1994 í starfsemi fyrirtækis H samkvæmt reikningum útgefnum í nafni B og að hafa á árinu 1995 afhent virðisaukaskattsskýrslur þar sem B var ranglega talinn rekstraraðili. Þá var H sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals kr. 957.281, sem hafði verið haldið eftir af launum



starfsmanna Y hf. á árunum 1991, 1992 og 1993 og að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti innheimtum af Y hf. á árunum 1991, 1992 og 1993, samtals að fjárhæð kr. 1.548.351.

***Dómur Hæstaréttar Íslands 2. október 2003, mál nr. 27/2003:***

H var sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri hans á árunum 1997, 1998, 1999 og 2000, samtals að fjárhæð kr. 2.656.270.

----- 0 ----- 0 -----

**Dæmi 4. – Þrjú einstaklingar tvíðæmdir fyrir skattalagabrot í rekstri allmargra lögaðila vegna rekstraráranna 1994-1997 og 2000-2002.**

***Dómur Hæstaréttar Íslands 22. júní 2000, mál nr. 49/2000:***

E, stjórnarformaður Í hf., og Á, framkvæmdastjóri félagsins, voru sakfelldir fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti, sem félagið innheimti á árinu 1994, og staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna Í á sama tímabili.

G, stjórnarformaður P hf., var sakfelldur fyrir brot gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna P hf. á árunum 1994 og 1995.

GI, stjórnarformaður P hf., var sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti sem félagið innheimti á árinu 1995, er hann var stjórnarformaður félagsins.

Á, G og GI hafa síðan allir aftur verið sakfelldir í dómum fyrir brot af sama toga, eða sem hér segir:

***Héraðsdómur Reykjavíkur 11. febrúar 2001, mál nr. S-1642/2001:***

GI var sakfelldur fyrir að hafa, sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður T ehf., brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti, sem félagið innheimti á árunum 1996 og 1997, samtals að fjárhæð kr. 1.090.578.

***Héraðsdómur Reykjavíkur 30. september 2004, mál nr. S-330/2004:***

Á var sakfelldur fyrir að hafa, sem stjórnarmaður M ehf., brotið gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, með því að hafa vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti, sem félagið innheimti á árinu 2000, að fjárhæð kr. 707.064, og



staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna M ehf. á árunum 2000 og 2001, samtals að fjárhæð kr. 1.251.383.

***Héraðsdómur Reykjavíkur 30. september 2004, mál nr. S-2210/2003:***

G var sakfelldur fyrir að hafa, sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður PE hf., brotið gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, með því að hafa vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti, sem félagið innheimti á árunum 2000, 2001 og 2002, samtals að fjárhæð kr. 3.724.873, og staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna PE ehf. á árinu 2001, að fjárhæð kr. 348.944.



**NOKKUR DÆMI UM MARGFELDI SEKTAR AF UNDANDREGNUM**  
**SKATTFJÁRHÆÐUM Í DÓMUM HÆSTARÉTTAR**

ATH. Hafa ber í huga að vega verður saman ákvörðun refsivistar og fésektar.

**Hrd. 1970:834 => SKEIFAN - MAGNÚS JÓHANNSSON**

Undandregnar samtals 802.862 kr. í söluskatt, tekjuskatt, útsvar og aðstöðugjald. Ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi.

Sektarfjárhæð var dæmd 1.200.000 kr. eða u.þ.b. **1,49**.

Héraðsdómur hafði dæmt ákærða í 650.000 kr. sekt, eða u.þ.b. **0,8**. Hins vegar var fangelsisrefsing héraðsdóms 4 mánuðir.

---

**Hrd. 1988:126 => LANDVÉLAR HF.**

Undandregnar 6.376.638 kr. í sölugjald. Fyrirsvarsmenn félagsins dæmdir í 7 og 4 mánaða fangelsi, sá sem vann að breytingu á tölvuforritum 2 mánaða varðhald og bókarí félagsins 2 mánaða varðhald. Sektarfjárhæðir voru dæmdar sem hér segir:

Félagið = 8.300.000 kr.

Fyrirsvarsmaður = 1.100.000 kr.

Samtals = 9.400.000 kr. eða u.þ.b. **1,47**.

Héraðsdómur hafði dæmt félagið í 17.855.000 kr. sekt, eða u.þ.b. **2,8**.

---

**Hrd. 1991:910 => FJÖR HF.**

Vanskil á 2.347.620 kr. í söluskatti. Þrír stjórnarmenn félagsins hver um sig dæmdur í 500.000 kr. sekt.

Samtals = 1.500.000 kr. eða u.þ.b. **0,64**.

Héraðsdómur hafði dæmt hvern um sig í 3 mánaða varðhald og í 50.000 kr. sekt.

---

**Hrd. 1991:1236 => ÞÝSK - ÍSLENSKA HF.**

Undandregnar 26.161.381 kr. í tekjuskatti, eignarskatti og eignarskattsauka. Fyrirsvarsmaður félagsins dæmdur í 12 mánaða fangelsi og sá sem vann að bókhaldi og skattskilum félagsins 3 mánaða fangelsi. Sektarfjárhæðir voru dæmdar sem hér segir:

Fyrirsvarsmaður = 20.000.000 kr.(félagið dæmt in solidum ábyrgt með fyrirsvarsmanni).  
Sá sem vann að bókhaldi og skattskilum = 1.000.000 kr.(félagið dæmt in solidum ábyrgt með honum).

Samtals = 21.000.000 kr. eða u.þ.b. **0,8**.

Héraðsdómur hafði dæmt fyrirsvarsmann í 40.000.000 kr. sekt (félagið dæmt in solidum ábyrgt með fyrirsvarsmanni) og þann sem vann að bókhaldi og skattskilum í 1.000.000 kr. sekt (félagið dæmt in solidum ábyrgt með honum). Samtals 41.000.000 kr., eða u.þ.b. **1,57**. Auk þess dæmdi héraðsdómur lengri refsivist, eða 15 og 5 mánaða fangelsi.

---

**Hrd. 1992:154 => VINNUFATABÚÐIN.**

Undandregnar 7.558.216 kr. í söluskatti. Fyrirsvarsmaður félagsins dæmdur í 6 mánaða fangelsi. Sektarfjárhæðir voru dæmdar sem hér segir:

Fyrirsvarsmaður = 2.000.000 kr.

Sonur hans, sem undirritaði skýrslurnar = 100.000 kr.

Samtals = 2.100.000 kr. eða u.þ.b. **0,28**.

Héraðsdómur hafði dæmt fyrirvarsmanninn í 4.000.000 kr. sekt og son hans, sem undirritaði skýrslurnar í 100.000 kr. sekt. Samtals 4.100.000 kr. eða u.þ.b. **0,54**.

---

**Hrd. 1994:1236 => ATLI ÞÓR ÓLASON**

Undandregnar 5.871.550 kr. í tekjuskatti og útsvari. Ákærði dæmdur í 3 mánaða varðhald.

Sektarfjárhæð var dæmd 3.000.000 kr. eða u.þ.b. **0,51**.

Héraðsdómur hafði dæmt ákærða í 2.000.000 kr. sekt, eða u.þ.b. **0,34**. Dæmd refsivist var hin sama.

---

**Hrd. 25. september 1997 => JARLINN HF., síðar FAXAFEN HF.**

Vanskil á 8.050.195 kr. í virðisaukaskatti (þar af 4.412.141 kr. eftir gildistöku laga nr. 42/1995) og 2.223.101 kr. í staðgreiðslu opinberra gjalda (þar af 504.328 kr. eftir gildistöku laga nr. 42/1995), eða samtals kr. 10.273.296.

Í héraðsdómi var stjórnarformaður félagsins dæmdur í 2 mánaða varðhald og 10.000.000 kr. í sekt og framkvæmdastjóri félagsins á árinu 1994 dæmdur í 30 daga varðhald og 500.000 kr. sekt.

Ekki er ósennilegt að ákvörðun sektarfjárhæða hafi átt sér stað með eftirfarandi hætti í héraðsdómi miðað við forsendur dómsins:

	Vanskil fyrir gildistöku laga nr. 42/1995	Vanskil eftir gildistöku laga nr. 42/1995	Samtals
Virðisaukaskattur	3.638.054	4.412.141	8.050.195
Staðgreiðsla op. gjalda	1.718.773	504.328	2.223.101
	<b><u>5.356.827</u></b>	<b><u>4.916.469</u></b>	<b><u>10.273.296</u></b>
<b>Líklegt margfeldishlutfall</b>	<b>0,12</b>	<b>2,0</b>	
<b>Sektarfjárhæðir</b>	<b>667.062</b>	<b>9.832.938</b>	<b>10.500.000</b>


Er skýrt tekið fram í héraðsdómi að ekki sé farið niður úr lögákveðnu lágmarki refsingar vegna þeirra tilvika sem lög nr. 42/1995 ná til => **2,0**.

Málinu einungis skotið til Hæstaréttar að því er varðaði stjórnarformann félagsins. Dæmdi Hæstiréttur hann í 4 mánaða fangelsi og 7.000.000 kr. í sekt.


Ekki er ósennilegt að ákvörðun sektarfjárhæðar hafi átt sér stað með eftirfarandi hætti í Hæstarétti miðað við forsendur dómsins:

	Vanskil fyrir gildistöku laga nr. 42/1995	Vanskil eftir gildistöku laga nr. 42/1995	Samtals
Virðisaukaskattur	3.638.054	4.412.141	8.050.195
Frádráttur v. ráðstöfunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts		-1.800.000	-1.800.000
Staðgreiðsla op. gjalda	1.718.773	504.328	2.223.101
	<b><u>5.356.827</u></b>	<b><u>3.116.469</u></b>	<b><u>8.473.296</u></b>
<b>Líklegt margfeldishlutfall</b>	<b>0,24</b>	<b>2,0</b>	
<b>Sektarfjárhæðir</b>	<b>1.267.062</b>	<b>6.232.938</b>	<b>7.500.000<sup>1</sup></b>

<sup>1</sup> Hér eru teknar saman fésektir beggja ákærðu.



Tafla nr. 1: Refsiheimildir (sektarheimildir) og beiting þeirra. Þróun frá 1970 til 1997.



# „Í klóm kennitöluhoppara“

**Forráðamenn Samtaka iðnaðarins hafa ítrekað bent á það siðleysi sem felst í svokölluðu kennitöluhoppi. Það á við þegar fyrirtæki verður gjaldþrota en nýtt fyrirtæki með nýrri kennitölu er stofnað á rústum þess fyrrnefnda. Starfsemin er hin sama, svo og eigendur, starfsmenn, húsnæði og jafnvel tæki og tól. Það eina, sem hefur breyst, er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda.**

Þó keyrir um þverbak þegar fyrirtæki sem hafa verið endurreist með þessum hætti taka þátt í opinberum útboðum. Algengt er að tilboð þeirra séu lægri en annarra og jafnvel taisvert um að opinberir aðilar taki slíkum tilboðum.

## Gjaldþrota í samvinnu við lánastofnun

Í ritstjórnargrein Ísiensks iðnaðar frá í febrúar sl. kemst Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, m.a. svo að orði: „Þess eru æ fleiri dæmi að fyrirtæki virðast

gerð gjaldþrota í góðri samvinnu við eigin lánastofnun. Þetta gerist þannig að fyrirtæki halda áfram starfsemi eins og ekkert hafi í skorist. Sumir hafa ekki fyrir því að skipta um nafn fyrirtækis eða símanúmer. Forráðamenn eru hinir sömu og ekki virðist neitt vandamál að hefja bankaviðskipti þar sem frá var horfið. Þegar betur er að gáð er það oft svo að lánastofnanir bæta stöðu sína með vel útfærðu gjaldþroti viðskiptamanna. Skyndilega eru allar aðrar skuldir horfnar og möguleikar skuldarans til að standa skil á lánunum eru þeim mun betri en áður. En hverjir tapa á þessum gjaldþrotum? Það eru viðskiptaaðilar þessara fyrirtækja, kaupendur og seljendur vöru og þjónustu.“

## Tugmilljóna króna tap vegna gjaldþrots viðskiptavina

Fyrirtæki Einars Egilssonar, Félagsbókbandið Bókfell, er eitt þeirra sem varð fyrir barðinu á svonefndum kennitöluhoppurum. Fyrirtækið átti rætur að rekja allt til ársins 1903 og árið 1988 var það eitt stærsta, sjálfstæða bókbandsfyrirtæki landsins og batt inn bækur fyrir prentsmiðjur og útgáfufyrirtæki. „Reksturinn stóð í blóma allt þar til 2001 þegar halla tekur undan fæti hjá útgáfufyrirtækjum bóka og tímarita og þá verður eiginlega hrun,“ segir Einar. Þegar allt er talið nam tap fyrirtækisins á viðskiptum við bókaútgáfufyrirtæki og prentsmiðjur um 47 milljónum króna og þá var honum nauðugur einn kostur að hætta rekstri Félagsbókbandsins.

## Nauðarsamningar og sala AB

Almenna bókafélagið var meðal viðskiptavina Félagsbókbandsins. Í ársbyrjun 1991 fluttist AB úr húsnæði Stuðla í Austurstræti 18 að Suðurlandsbraut í hús sem var í eigu Skeljungs. Þá var Óli Björn Kárason orðinn framkvæmdastjóri AB. Á þessum tíma átti AB í miklum fjárhagsörðugleikum að sögn Einars. „Okkur, sem unnum fyrir félagið, var sagt að bráðum kæmi betri tíð með auknu hlutafé frá valinkunnum fyrirtækjum,“ segir Einar. „Það kom því verulega á óvart í árslok 1991 þegar farið var fram á nauðarsamninga fyrir félagið. Þá námu skuldarnar tæpum 130 milljónum króna. Þar tapaði ég 2,5



## Ný ræningjagríma

Frá upphafi vega hafa ræningjar notað grímur til að hylja andlit sitt þegar þeir hrífsa til sín peninga. Tímarnir breytast og grímurnar með. Nú beita skúrkarnir nýrri aðferð til að hylja sitt rétta andlit. Þeir bregða upp nýrri kennitölu.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdaviljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og afla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgiferiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Því miður færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nú er málið að linn.

# SI

Samtök iðnaðarins

milljónum króna." Meðan á nauðarsamningum stóð var fyrirtækið selt en tveimur árum síðar lagði það endanlega upp laupana en stjórnendur þess fengu ævisögur sínar gefnar út í lokin. „Í einni viðreisnartilrauninni var AB dubbað upp í sparifötin og opnað með pompi og prakt að viðstöddum ýmsum hluthöfum sem stóðu ofarlega í virðingarstiganum, þar á meðal nafntogaðir stjórnálamenn sem væntanlega áttu að auka á virðingu og traust fyrirtækisins."

### Sparisjóðurinn með sitt á þurru

Annað dæmi varðar bókaútgáfuna Skuggsjá í Hafnarfirði. „Þegar fyrirtækið komst í þrot var það ekki gert gjaldþrota en Sparisjóður Hafnarfjarðar sagði skuldirnar afskrifaðar en átti sjálfur 100% veð í húsi fyrirtækisins. „Þegar aðrir, sem áttu kröfur í fyrirtækið gengu eftir þeim, komust þeir að því að bankinn var orðinn eigandi hússins og fengu ekkert fyrir sinn snúð og þar tapaði ég 2,4 milljónum," segir Einar.

### Prentbær verður Prisma Prentbær sem verður Prisma Prentco sem verður Íslandsprent....

Þriðja dæmi Einars varðar prentsmiðjuna Prentbæ í Hafnarfirði. „Það fyrirtæki sameinaðist Prisma árið 1998 fyrir tilstilli Sparisjóðs Hafnarfjarðar og var rekið sem Prisma Prentbær til ársins 2001 þegar það varð gjaldþrota. Gjaldþrotið nam 63 milljónum króna og ég tapaði alls á sjöundu milljón króna. Prisma Prentco var stofnað á rústum Prisma Prentbæjar og ég veit að Sparisjóður Hafnarfjarðar kom að stofnun þess með veði í húseignum og tækjum. Þeirri sögu lauk þannig að Prisma Prentco hætti starfsemi um síðustu áramót og fór í gjaldþrot síðastliðið vor. Þá seldi sparisjóðurinn leifarnar og kaupandinn stofnaði Íslandsprent sem enn er starfandi."

### „Nú skuldum við ekki neinum neitt“

Einar segist hafa átt langt og gott samstarf við bókaútgáfuna Örn og Örlýg sem lenti í nauðarsamningum en hélt þó áfram útgáfu Vegahandbókarinnar og fleiri bóka undir nafninu Íslenska bókaútgáfan. Fyrirtæki Einars hafði lengi bundið inn bækur eins og Vegahandbókina og Útkallsbækurnar, svokölluðu, fyrir Íslensku bókaútgáfunna en segir að skyndilega hafi þær hætt að berast. Þá hafi hann haft samband við eigandann, Hálfðan Örlýgsson, sem tjáði honum að nú væru bækurnar unnar í


Singapore. „Þegar ég fann að því að hann skyldi ekki hafa látið mig vita eftir margra ára viðskipti og mikið umburðarlyndi gagnvart skuldum hans varð fátt um svör," segir Einar. „Svo hófst fyrir alvöru glíman við að fá skuldirnar greiddar. Þá kom í ljós að Íslenska bókaútgáfan hafði hætt starfsemi undir því nafni og eigendur hennar höfðu stofnað nýtt fyrirtæki með nýrri kennitölu undir nafninu Stöng sem hafði verið rekið nokkra hríð. Þegar haft var samband við Íslensku bókaútgáfuna var svarið: „Við höfum stofnað nýtt fyrirtæki og nú skuldum við ekki neinum neitt." Þá námu skuldir Íslensku bókaútgáfunnar alls um 42 milljónum króna og þar af skuldaði fyrirtækið mér 16,5 milljónir króna. Þá var ekkert til á lager Íslensku bókaútgáfunnar þar sem viðskiptabankinn hafði hirt og selt allt sem þar var að finna."

### Tapaði á áttundu milljón króna á Genealogia Islandorum

Þá segir Einar sínar farir ekki sléttar af samskiptum sínum við Genealogia Islandorum sem á sínum tíma var stofnað í samstarfi við Urð, Verðandi og Skuld á grundvelli gagnarunnis Genealogia Islandorum en meðal eigenda þess voru Sjóvá og Eimskip. Aðalhvatamaðurinn að stofnun fyrirtækisins var Þorsteinn Jónsson, ættfræðingur, sem hafði átt langan feril í bókaútgáfu. „Fyrirtækið gaf út bækur á þriðja ár en þá kom í ljós að gagnagrunnur fyrirtækisins var einskis virði. Í kjölfarið varð Genealogia Islandorum gjaldþrota og var lokað. Skuldir fyrirtækisins námu þá 340 milljónum króna og þar tapaði ég 7,5 milljónum króna," segir Einar.

### Mál og mynd verður að Skruddu

Loks nefnir Einar fyrirtækið Mál og mynd sem dæmi um það siðleysi sem ríkir í þessum málum. Félagsbókbandið hafði unnið mikið fyrir Mál og mynd sem var farið að safna talsverðum skuldum við Einar. „Mér var haldið volgum með smágreiðslum og fyrirheitum um breytingu á rekstri og sagt að nýir aðilar væru að koma inn. Þegar hér var komið sögu hafði ég hætt rekstri Félagsbókbandsins og Prentmet keypt vélarnar og tekið við samningi Máls og



myndar um verk sem hafði verið í vinnslu hjá mér. Hins vegar valdi Mál og mynd léttu leiðina og var gert gjaldþrota og skuldaði þá 50 milljónir króna. Síðan reis það úr rústunum með hreint og skuldlaust borð. Ég fékk hins vegar ekkert upp í 10 milljóna skuld þess við mig. Fyrsta bók nýju útgáfunnar, Skruddu, var Saga Stjórnarráðs Íslands í þremur bindum. Skrudda er með aðra kennitölu en Mál og mynd hafði en þegar hringt er í gamla númer Máls og myndar er svarað: „Mál og mynd, Skrudda" og eigendur þeir sömu." Við nánari athugun kom í ljós að Skrudda var stofnuð áður en Mál og mynd varð gjaldþrota.

### Mál er að linni

„Það versta við þetta allt saman," segir Einar, „er að menn halda þessum leik áfram án þess að nokkur fái rönd við reist." Hann telur tímabært að yfirvöld taki í taumana hið fyrsta áður en fleiri verða fyrir skaða af völdum þeirra sem stunda kennitöluhoppni með framangreindum afleiðingum.

Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir sjónarmið Einars Egilssonar og skora á fyrirtæki, lánastofnanir og opinbera aðila að stuðla ekki að siðleysi með því að beina viðskiptum til kennitöluhoppara og aðstoða þá þannig við að halda áfram ránum og gripdeildum í þá veru sem hér hefur verið lýst.

Þóra Kristín Jónsdóttir